



## Samkeppnisréttarstefna Samtaka ferðaþjónustunnar

Tilgangur samkeppnisréttarstefnu Samtaka ferðaþjónustunnar er að tryggja fagleg og gegnsæ vinnubrögð í starfsemi samtakanna og fyrirbyggja háttsemi sem brotið gæti gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Samkeppnisstefna þessi skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins. Henni skal jafnframt dreift til nýrra aðildarfyrirtækja og allra fulltrúa sem starfa á vettvangi samtakanna.

### Aðild

Skilyrði fyrir inngöngu í samtökin skulu vera gegnsæ, málefnaleg og hlutlaus og skal gert grein fyrir þeim í samþykktum samtakanna á hverjum tíma. Skal öllum er uppfylla skilyrðin heimil innganga í samtökin enda hafi viðkomandi sótt um aðild og greiði tilskilin aðildargjöld.

### Samskipti

Þátttaka í starfi Samtaka ferðaþjónustunnar felur í sér miðlun á upplýsingum og reynslu og þátttöku í umræðu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfyrirtækja. Samskipti milli fyrirtækja skal ávallt hagað þannig tryggt sé að ákvæði laga séu virt og að á engan hátt stuðlað að samráði eða samstilltum aðgerðum í skilningi samkeppnislaga. Þá skal ávallt tryggt að starfsmenn og stjórnendur fari í starfi á vettvangi samtakanna að þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þeirri sem SAF gerði við Samkeppniseftirlitið hinn 1. apríl 2015, s.s. með undirritun yfirlýsingar þess efnis.

Í skilningi samkeppnislaga er litið á samskipti fyrirtækja á vettvangi samtaka fyrirtækja með sambærilegum hætti og öll önnur samskipti. Samskipti á vettvangi samtakanna skulu því aldrei fela í sér tilvísanir til verðs eða upplýsingaskipta um markaði eða viðskiptavinum eða annað sem rétt er að leynt skuli fara milli samkeppnisaðila.

Sem hluta af þessari samkeppnisáætlun mun stjórn setja sér samskiptaviðmið sem skulu höfð til hliðsjónar á fundum stjórnar samtakanna sem og fundum ráða og nefnda sem starfa á vettvangi samtakanna.

### Öflun og miðlun upplýsinga

Við öflun og miðlun upplýsinga á vettvangi samtakanna skal gætt að trúnaði og verklag vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að viðkvæmar eða sérgreinanlegar upplýsingar einstakra fyrirtækja geti borist í hendur annarra aðildarfyrirtækja eða þriðja aðila.

Við miðlun upplýsinga, hvort heldur er í ræðu eða riti, beint eða óbeint, skal þess gætt að ekki sé miðlað upplýsingum um viðskipti, viðskiptahætti eða markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Þegar unnið er að rannsóknum á einstökum atvinnugreinum svo og sögulegum upplýsingum um framleiðslu, sölu eða markaðshlutdeild skal þess því ávallt gætt að um sé að ræða samtölur fyrir skilgreinda hópa fyrirtækja og að ekki sé unnt að bera kennsl á upplýsingar einstakra fyrirtækja.

### Fræðsla

Starfsmönnum samtakanna og fulltrúum félagsmanna sem taka þátt í stjórnnum eða nefndum á



vegum samtakanna skal standa til boða fræðsla um samkeppnismál í samræmi við fræðsluáætlun samtakanna.

Starfsmönnum samtakanna og fulltrúum félagsmanna sem taka þátt í stjórnnum eða nefndum á vegum samtakanna skal jafnframt tryggt aðgengi að sérfræðiráðgjöf komi upp samkeppnisréttarleg álitafni í tengslum störf þeirra í þágu samtakanna.

Samtökin leggja áherslu á að stuðla að umræðu um mikilvægi samkeppnismála í innra starfi sínu sem og á opinberum vettvangi.

Staðfest af stjórn SAF hinn 23. ágúst 2017